

Stjórnmálafræði

Í áfanganum er stjórnmálafræði kynnt sem fræðigrein. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á helstu hugtökum sem notuð eru í fræðigreininni. Nemendur læra að greina helstu hugmyndafræðistrauma stjórnmála. Fjallað er um einkenni og forsendur lýðræðis og hvað greinir lýðræði frá einræðis- og alræðisstjórnaritari. Rakin er þróun íslenskra stjórnmála frá sjálfstæðisstjórnmálum til stéttastjórnmála og til þeirrar margbreytni sem nú einkennir íslensk stjórnmál. Nemendur meta þróun íslenskra stjórnmála úr frá þeim hugtökum sem þeir læra og tengja sögu íslenskra stjórnmálaflokka við helstu hugmyndakerfi. Fjallað er um þróun og hlutverk Alþingis, sögu og fylgisþróun stjórnmálaflokkanna og áhrif ólíkra hagsmunasamtaka í íslenskum stjórnmálum. Fjallað er um hvernig túlka má íslenska stjórnkerfið og stjórnmálapátttöku út frá ólíkum kenningum.

Markmið er að nemandi:

- verði hæfari til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagsi og geti lagt gagnrýnið mat á átakaefni í íslenskum stjórnmálum og rökstutt slíkt mat með fræðilegum vinnubrögðum
- geti lýst helstu viðfangsefnum stjórnmálafræði og skilgreint og beitt hugtökum eins og hugmyndafræði, stjórnkerfi, vald og lýðræði
- greini á milli og taki rökstudda afstöðu til helstu hugmyndakerfa stjórnmála, svo sem byltingasinnaðrar, umbótasinnaðrar, frjálslyndrar og íhaldsamrar hugmyndafræði
- greini á milli og meti mismunandi stjórnkerfi og kenningar um vald og lýðræði og lýsi þróun íslenskra stjórnmála
- tengi sögu íslenskra stjórnmálaflokka við helstu hugmyndakerfi stjórnmála
- geti tekið rökstudda afstöðu til helstu þátta sem nú einkenna ágreining og átök á milli og innan íslenskra stjórnmálaflokka
- lýsi hugmyndinni um þrískiptingu ríkisvaldsins og útskýri hvernig hún er útfærð í íslensku stjórnkerfi
- lýsi áhrifum ólíkra hagsmunasamtaka í íslenskum stjórnmálum